

Um leið og herra prófastinum eru nú send hjá lögð exmpl. 1855.
af reglum, skýrsluformum og eyðublöðum, sem gjörð eru á ís- 15. maí.
lenzku, og í flestum atriðum er samkvæmt því sem farið er
eptir þegar talið er fólk í hjerðum í Danmörku:

- 1) Reglur fyrir því, hvernig semja eigi sóknatöflurnar yfir
fólksfjöldann,
- 2) Skýrsluform til fólkstalsins á Íslandi 1. október 1855,
- 3) Skýrsla um fólkstal,
- 4) Fólkstaltöflur, er prestar eiga að gjöra aðalsóknatöflurnar
eptir,

eruð þjer beðnir að úthluta þeim meðal prestanna í yðar pró-
fastdæmi, eins og með þarf fyrir hverja sókn. Eins og maður
vonast eptir, að þjer hafið gætur á, að mál þetta fái hæfilegan
frangang, eptir hinum áður greindu reglum, og að svara fyrir-
spurnum prestanna, ef nokkrar verða, um rjettan skilning á
reglumum — og sendast yður því til samanburðar, ef einhver
vafi kynni að verða á, 2 exmpl. af áður nefndum reglum um
manntal í hjerðum í Danmörku o. s. frv. —, eins eruð þjer
beðnir að láta yður einkar annt um, að skýrslurnar og fólkstals-
töflurnar fyrir allar sóknirnar verði sendar hingað með póst-
skipinu, sem fer frá Íslandi 1. marz næstkomandi.

20. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stíptamtannsins 19. maí. og amtmannanna á Íslandi um tollseöla.

Eptir að hafa ráðgazt um við innanríkisstjórnina hefur hin
konunglega aðaltollstjórn gjört þann úrskurð, að í tollskrám til
Íslands sje það skilyrði tekið fram með berum orðum, að hlut-
aðeigandi lögreglustjóri í Íslandi gefi skipstjóranum vitnisburð
um, að farmurinn sje skipaður upp, og skuli skipstjóri fá vitn-
isburð þenna í hendur hlutaðeigandi tollhúsi, samkvæmt til-
skipun 1. febrúar 1797, 303. gr.

Frá þessu er herra stíptamtmanninum (amtmanninum) skýrt
til vitundar og auglýsingar fyrir hlutaðeigandi embættismönnum
í yðar umdæmi.